

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Fljótsdalshéraðs vegna Fjarðarheiðarganga, Héraðsmegin, Múlaþingi.

Skipulagsstofnun staðfesti 6. nóvember 2023 breytingu á aðalskipulagi fyrrum Fljótsdalshéraðs 2008-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 13. september 2023.

Í breytingunni felst stefnumörkun um breytta legu Fjarðarheiðarganga með gangamunna við Dalhús. Á sveitarfélagsuppdrætti er hringvegurinn færður suður fyrir þéttbýlið á Egilsstöðum. Núverandi vegur um Egilsstaðaháls er aflagður og vegurinn færður nær Eyvindará en núverandi vegi um Fjarðarheiði verður haldið við sem landsvegi. Við gangamunnann verður skilgreint efnislosunarsvæði og athafnasvæði. Á þéttbýlisuppdrætti er Fagradalsbraut skilgreind sem innanbæjargata auk þess sem ný gata verður lögð frá athafnasvæði við Miðás að hringvegi til að draga úr umferð um Fagradalsbraut.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 6. nóvember 2023.*

**Ólafur Árnason.**

B-deild – Útgáfudagur: 20. nóvember 2023